

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

196

16. des.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júní 1940, sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu:

Nýir ávextir:

Í heildsölu	15%
Í smásölu	45%

Þurrkaðir ávextir:

Í heildsölu	12%
Í smásölu	38%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. desember 1940.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

GJALDSKRÁ

197

23. des.

fyrir rafveitu Eskifjarðar.

1. gr.

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um kwst.-mæli fyrir kr. 1.00 hverja kwst.
2. Án mælingar á kr. 0.75 yfir árið fyrir hvert ástimplað watt þeirra raftækja, sem tengd eru við rafveituna.

Rafveitustjórn hefir heimild til að hækka eða lækka gjöld þessi um allt að 25%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins

2. gr

Gjalddagi rafmagnsgjaldanna er við álestur mæla, þar sem raforkan er mæld. Þar, sem orkan er ekki mæld, greiðist gjaldið mánaðarlega, fyrirfram, og er gjalddaginn 1. hvers mánaðar.

3. gr.

Hafi gjald, samkv. gjaldskrá þessari, ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má rafveitan loka fyrir veitu hlutaðeiganda, án frekari fyrirvara. Er starfsmönnum rafveitunnar heimill aðgangur til þess, hvenær sem nauðsyn krefur. Ef framkvæma þarf slíka lokun, þar sem eru fleiri en einn rafmagnskaupandi í sama húsi, skal starfsmönnum rafveitunnar einnig heimill aðgangur að lögnum þeirra rafmagnsnotenda, sem ekki þarf að loka hjá, ef þeim er það nauðsynlegt til að framkvæma starf sitt.

197

23. des.

4. gr.

Hafi gjald, samkvæmt gjaldskrá þessari, ekki verið greitt, svo að til lokunar komi fyrir veitu, skal taka gjald við endurofnun veitunnar, 2 krónur.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Eskifjarðar, frá 19. júní 1936.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1941 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

198

24. des.

REGLUGERÐ

um tryggingu sjómanna fyrir slysum af völdum ófriðar.

1. gr.

Tryggja skal alla þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8 gr., 1. mgr., tölulíð 1 a., laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar, og nær trygging þessi til allra íslenzkra skipa 12 rúmlestir eða stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 66 7. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. desember 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

199

28. des.

REGLUR

um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi, og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.